



Ytra mat

Leikskólinn Hlíðarendi

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar –
fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Guðrún Samúelsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir
© Menntamálastofnun, 2021
ISBN 978-9979-0-2674-7

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	9
Leikskólinn	9
Húsnæði og útileiksvæði	9
Starfsmenn.	9
Hugmyndafræði og áherslur	10
Stjórnun	11
Stjórnskipulag og skipurit.	11
Námskrá og áætlanir	11
Stjórnun og starfsmenn	11
Fagleg forysta	12
Starfsandi og starfsánægja	13
Uppeldis- og menntastarf	15
Námsaðstæður	15
Starfshættir	15
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	16
Námssvið.	16
Velferð og líðan barna.	17
Mat á námi og velferð barna	18
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	20
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	20
Viðhorf foreldra	20
Samstarf við grunnskóla	20
Annað samstarf	21
Skóli án aðgreiningar	22
Skólaþjónusta og sérkennsla	22
Börn með annað móðurmál en íslensku	22
Innra mat	24
Skipulag og viðfangsefni	24
Gagnaöflun og vinnubrögð	24
Opinber birting og umbætur	24
Samantekt matsþátta.	26
Samantekt.	27
Lokaorð	30
Heimildir.	31

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og fræðslunefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Hlíðarendi er fjögurra deilda leikskóli í útjaðri Hafnarfjarðar umkringdur ósnortinni náttúru sem gefur mikla möguleika til leikja og náms. Útileiksvæði leikskólans þarfnast viðhalds og lagfæringar. Mikið vatn safnast á lóð og myndar polla, grassvæði eru víða ónýt, misfellur í hellulögn og niðurföll stífluð. Húsnæði leikskólans uppfyllir vel ákvæði laga um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Nýlega var byggt við skólann til að bæta starfsumhverfi starfsfólks og barna og er mikil ánægja með hvernig til tókst. Góð hljóðvist er í leikskólanum og víða er búið að bæta lýsingu. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda kennara og þarf að leita leiða til að bæta úr því. Áherslur leikskólans eru umhverfismennt, lífsleikni og hreyfing og eru þessir þættir fléttaðir saman við grunnþætti menntunar. Hlíðarendi er Grænfánaskóli og fékk Grænfánann afhentan í fimmta sinn í vor. Verið er að vinna menntastefnu Hafnarfjarðar og er áætlað að þeirri vinnu ljúki í haust. Leikskólinn hefur ekki sett sér einkunnarorð. Matur er unninn frá grunni í eldhúsi leikskólans.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Leikskólastjóri hefur starfað sem slíkur í Hlíðarenda í fjögur ár og aðstoðarleikskólastjóri í níu ár. Þeir telja verkaskiptingu sín á milli formlega en hún er ekki til skrifleg og hefur ekki verið kynnt öðru starfsfólki en deildarstjórum. Stjórnendur eru sýnilegir í starfi, aðgengilegir og skólabragur og starfsandi er góður. Stjórnendur fara mikið inn á deildir og veita endurgjöf. Starfsfólk er stolt af starfi sínu og líður vel í vinnunni. Skólanámskrá og starfsáætlun eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans svo og aðrar lögbundnar áætlanir. Skólanámskrá sem er síðan 2017, þarfnast endurskoðunar og er það komið á áætlun og umræða hafin um ákveðna þætti. Tryggja þarf aðkomu allra í leikskólasamfélaginu að þeirri vinnu. Mannekla ásamt vinnutímastyttingu og fjölgun undirbúningstíma sem og nýlegar breytingar á dagskipulagi er ástæða þess að stjórnendateymisfundir sem eru áætlaðir einu sinni í viku og kjarasamningsbundnir undirbúningstímar deildarstjóra falla oft niður. Deildarstjórar gæta þess að aðrir kennarar og starfsfólk fái sinn undirbúningstíma. Starfsfólk er hvatt til sækja sér símenntun en þykir erfitt að fara frá deildinni vegna mannekle. Meiri hluti foreldra er ánægður með stjórnun leikskólans, samskipti og viðmót starfsmanna. Þeir telja að stjórnendur leggi sig fram um að vera sýnilegir í daglegu starfi.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og komið er fram við þau eins og jafningja. Þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum. Sýnilegt er að börnunum líður vel og samskipti eru góð. Dagskipulag einkennist af hópastarfi, vali og frjálsum leik. Deildarstjórar skipuleggja og leiða faglegt starf á deildum en allir starfsmenn bera ábyrgð á ákveðnum barnahópi. Hlustað er á raddir allra og samstarf og samvinna starfsfólks var sýnileg á vettvangi. Áherslur í leikskólastarfinu eru lífsleikni, hreyfing og umhverfismennt. Vináttu verkefnið Blær er mjög sýnilegt í umhverfinu og tengist það lífsleikninni. Á öllum deildum er mikið til af fjölbreyttu leik- og námsefni og er aðgengi barnanna að því gott. Verið er að vinna þróunarverkefni um læsi með áherslu á málörvun, orðaspjall, hljóðvitund, rím og stafainnlögn. Fjórum sinnum í viku er unnið með þetta í tengslum við hópastarf. Við mat á framförum barna eru notuð viðurkennd matstæki. Tækifærin til umbóta í uppeldis og menntastarfi liggja í því að auka lýðræðislega þátttöku barna og áhrif þeirra á viðfangsefni og skipulagðar stundir.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Í tengslum við ytra mat gerði MMS foreldrakönnun í leikskólanum í febrúar 2021. Nánast allir foreldrar¹ sem svöruðu eru ánægðir með leikskólann, þeir þekkja stefnu hans og finnst viðfangsefni barnanna áhugaverð. Meiri hluti foreldra telur að börnunum líði vel í leikskólanum og þeir eru öruggir með börnin sín þar og finnst þau samlagast barnahópnum. Komið er til móts við þarfir barnanna og lögð áhersla á að efla sjálfstraust þeirra. Einnig kom fram að foreldrar eru almennt ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks. Foreldrafélag og foreldraráð er starfandi við leikskólann og styður það við leikskólastarfið. Foreldraráð þarf að setja sér starfsáætlun og vinnureglur og birta fundargerðir á heimasíðu leikskólans. Til er áætlun um samstarf við Setbergsskóla um aðlögun barna milli skólastiga. Æskilegt er að formlegt ferli sé um það hvaða upplýsingar fylgi börnum á milli skólastiga.

Skóli án aðgreiningar

Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann og heldur hann utan um vinnu með sérkennslubörn. Í Hafnarfirði er sérstakt verklag sem kallast Brúin. Markmið þessa verkefnis er að samþætta þjónustu bæjarins og auka lífsgæði barna, unglinga og fjölskyldna þeirra. Til er sérstakt teymi sem í sitja fagaðilar á vegum leikskólans ásamt ráðgjöfum frá fjölskylduþjónustu, sálfræðingum og eða sérkennslufulltrúa frá fræðslu- og frístundaþjónustu og kallast Brúarteymi. Brúarteymið fundar tvisvar í mánuði í leikskólanum og fer það eftir málefnum hverju sinni hverjir mæta á fundinn. Í leikskólanum eru það leikskólastjóri, sérkennslustjóri og eftir atvikum deildarstjórar sem sitja fundina. Fram kemur að aðgengi að talmeinafræðingi, sérkennslufulltrúa og öðrum sérfræðingum er gott og reynt er að bregðast fljótt við erindum. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir sérkennslubörn og eru þær endurskoðaðar tvisvar á ári. Sérkennsla er aðlöguð að dagskipulagi leikskólans, unnið er í litlum hópum. Einnig er unnið einstaklingslega með börn þar sem þess er þörf. Starfsfólk leikskólans er upplýst um þroskafrávik barna á sinni deild og telur það að það fái nægar upplýsingar, fræðslu og stuðning. Ekki er til skriflegt ferli ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni. Leikskólinn er vel búin þjálfunargögnum og húsnaði til sérkennslu er gott. Við móttöku barna með annað móðurmál en íslensku er stuðst við sömu verkferla og í aðlögun nýrra barna. Boðið er upp á túlkþjónustu á fundum og í samskiptum við foreldra af erlendum uppruna.

Innra mat

Fjallað er um helstu leiðir sem leikskólinn fer í innra mati í skólanámskrá leikskólans. Reglulega fer fram mat á ákveðnum starfsháttum í umbótahópum sem einn starfsmaður af hverri deild skipar, svokallað samræðumat. Framfarir barna eru metnar reglulega. Viðhorfskannanir meðal foreldra og starfsmanna eru gerðar reglulega. Brýnt er að meta stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur. Huga má að meiri fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra og tryggja að raddir barna heyrist í mati á leikskólastarfinu. Skipa þarf matsteymi fyrir leikskólann með aðkomu helstu hagsmunaaðila svo sem starfsfólks og foreldra. Í matsáætlun til nokkurra ára þurfa að koma fram upplýsingar um framkvæmd, niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til úrbóta, þar sem fram koma aðgerðir, viðmið með markmiðum, tímasetningu og ábyrgðaraðilum og birta á heimasíðu.

1 Í skýrslu þessari er vísað til foreldra sem þeirra sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga nr. 76/2003.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Hlíðarenda. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Það var framkvæmt af Guðrúnu Samúelsdóttur og Ingu Dóru Jónsdóttur og fór fram á vettvangi 1.-4. mars 2021. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: Leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðipjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.²

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi. Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 2. febrúar 2021 á rafrænu formi.³ Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsaðilar dvöldu fjóra daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, kennara, starfsmenn og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra. Foreldrakönnun var lögð fyrir í tengslum við matið. Svörin í könnuninni var um tæp 60% en alls tóku 46 foreldrar þátt í henni. Tölvupóstsamkipti voru við formann foreldraráðs og er hann einnig fulltrúi í foreldrafélaginu. Haft var tölvupóstsamband við sviðstjóra Mennta og lýðheilsusviðs og einnig rætt við hann símleiðis. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsaðilar fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.⁴ Matsaðilar fóru hver í sínu lagi yfir

2 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

3 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

4 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu svo saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlstrar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Leikskólinn Hlíðarendi, Úthlíð 1 er fjögurra deilda leikskóli sem er staðsettur í útjaðri Hafnarfjarðar. Við leikskólann rennur lækur og stutt er í ósnortna náttúru, móa, skóg og hraun. Leikskólinn var opnaður 26. mars 1998. Árið 2020 var byggt við leikskólann til að bæta vinnuaðstöðu barna og starfsfólks. Deildirnar fjórar heita, Birkilundur (börn fædd 2018 og 2019), Furulundur (börn fædd 2015, 2016, 2017 og 2018), Grenilundur (börn fædd 2015, 2016, 2017 og 2018) og Reynilundur (börn fædd 2015, 2016, 2017 og 2018). Í leikskólanum eru pláss fyrir 84 börn en í mars 2021 var 81 barn í skólanum, 39 stúlkur og 42 drengir. Tvö börn eru með skilgreinda sérkennslu og átta börn eiga annað móðurmál en íslensku. Leikskólinn er opinn virka daga frá kl. 7:30 til 17:00 (tímabundið til 16:30 vegna Covid-19). Matur er unninn frá grunni í eldhúsi leikskólans.

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 25 starfsmenn í 23,3 stöðugildum. Enginn karlmaður starfar við leikskólann. Stjórnendateymi er myndað af leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sem er jafnframt sérkennslustjóri, og fjórum deildarstjórum sem allir eru með kennaramenntun. Leikskólastjóri hefur starfað sem slíkur í Hlíðarenda í fjögur ár og aðstoðarleikskólastjóri í níu ár. Leikskólastjóri, sem er með leyfisbréf kennara og viðbótarnám í stjórnun menntastofnana, er í 100% stöðu. Aðstoðarleikskólastjóri, sem er með leyfisbréf kennara og 30 einingar í viðbótarnámi, starfar í 50% stöðuhlutfalli sem slíkur og 50% sem sérkennslustjóri. Þrír starfsmenn fyrir utan stjórnendur eru með leyfisbréf kennara. Einn starfsmaður er leikskólaliði. Einn starfsmaður er með B.Ed. í sálfræði, annar með B.Sc. í hagfræði og sá þriðji með B.Sc. í viðskiptafræði. Tveir starfsmenn eru með stúdentspróf og sjö starfsmenn með grunnskóla-próf. Tveir starfsmenn starfa í eldhúsi leikskólans í 100% stöðuhlutfalli hvor. Einn starfsmaður er í 50% stöðu í atvinnu með stuðningi. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði 2. mgr. 14.gr. laga nr. 95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla um að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda kennara. Í flestum viðtölum kom fram að viðvarandi mannekla valdi álagi og þreytu. Vinnutímastytting og fjölgun undirbúningstíma gerir allt skipulag þyngra og veldur því að kennarar og starfsfólk kemst ekki úr húsi til að sinna símenntun. Tiltölulega hár lífaldur er í starfsmannahópnum og komu fram áhyggjur af framtíðinni hvað varðar skort á nýliðun í kennarastétt.⁵

Húsnæði og útileiksvæði

Húsnæði leikskólans er rúmgott, snyrtilegt og umgengni góð. Tvær deildir eru í hvorum enda hússins með sameiginlegum fataklefa og inngangi annars vegar af götu og hins vegar úr garði. Í hverri deild eru þrjár stofur, geymsla og hreinlætisaðstaða. Milli deildanna er rúmgóð stofa, samnýtt af báðum deildum. Sameiginleg svæði fyrir allan leikskólann eru margnota salur, listastofa, bókasafn og sérkennsluherbergi. Rúmgott herbergi er fyrir undirbúning starfsmanna. Bæði leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hafa sér skrifstofur. Ágætis fataherbergi með munahólfum er fyrir starfsmenn. Tvö salerni eru fyrir starfsfólk og það þriðja fyrir starfsfólk eldhúss. Þá er salerni ætlað fötluðum inn af öðrum fataklefanum. Húsnæðið uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Árið 2020 var byggt við skólann til að bæta starfsumhverfi starfsmanna og barna. Þá er nýbúið að bæta hljóðvist og lýsingu í húsinu. Í öllum rýnihópum kom fram mikil ánægja með húsið eftir breytingu svo og bættu hljóðvist og lýsingu.⁶ Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að það þurfi að bæta fataklefa barnanna. Fataklefar eru þröngir, fatahólf barnanna eru lítil og erfitt fyrir börn og fullorðna að athafna sig þar ef nokkur börn eru þar í einu.⁷ Þetta geta matsaðilar tekið undir. Í foreldrakönnun kom fram að meirihluti foreldra er mjög eða frekar sammála því að aðbúnaður í leikskólanum sé góður.⁸

Útileiksvæði leikskólans er ekki stórt miðað við þann fjölda barna í leikskólanum og er hluti svæðisins afgirtur fyrir yngstu börnin. Ekki er mikil fjölbreytni í leiktækjum en umhverfi leikskólans býður upp á mikla möguleika til vettvangsferða og útináms. Leikfangaskúr er ekki upphitaður og myndast þar

5 Rýnihópur starfsmanna, kennara, deildarstjóra og rýnivíðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

6 Rýnihópur starfsmanna, kennara, deildarstjóra og rýnivíðtal við aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra.

7 Rýnihópur deildarstjóra.

8 Foreldrakönnun vegna ytra mats í Hlíðarenda.

saggi. Átta moltutunnur eru á lóð leikskólans og taka börnin þátt í að búa til moltu. Timburtunnur með krana voru undir niðurfallsrörum hússins og gátu börnin sótt sér vatn þangað. Þessar tunnur eru orðnar fúnar og ónýtar. Matsaðilar sáu að grassvæði kringum leiktæki var moldarsvað, mikið um polla, niðurföll stífluð og misfellur í hellulögn. Í rýniviðtölum var mikill samhljómur og óánægja með viðhald á lóð. Börnin komist oft ekki út, jafnvel í góðu veðri vegna pollamyndana eða klaka. Lóðin virðist ekki ræsa sig þannig að hún verður eitt drullusvað. Þá vanti fleiri og fjölbreyttari leiktæki og snyrta mætti trjágróður.⁹

Hugmyndafræði og áherslur

Í leikskólanum Hlíðarenda er lögð megináhersla á þrjá þætti. Umhverfismennt, lífsleikni og hreyfingu og að fletta þessa þætti saman við grunnþætti menntunar.¹⁰ Leikskólinn er Grænfánaskóli og er því lögð áhersla á umhverfisvernd annars vegar og náttúruupplifun og umgengni hins vegar. Hlíðarendi fékk Grænfánann í fimmta sinn í maí 2020. Þá er verið að vinna með vináttuverkefni Barnaheilla í tengslum við lífsleikni. Unnið er með hreyfingu í vikulegum íþróttastundum í sal og í reglulegum úti-vistar-, göngu- eða vettvangsferðum. Hlíðarendi tekur þátt í þróunarverkefni um læsi, málrækt og snemmtæka íhlutun á vegum Hafnarfjarðarbæjar. Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur er verkefnastjóri.¹¹ Menntastefna Hafnarfjarðar er í vinnslu og er á áætlun að hún komi til framkvæmda haustið 2021.¹² Leikskólinn hefur ekki sett sér einkunnarorð.

Á vettvangi og í rýnihópum kom fram að starfsfólk er mjög meðvitað um stefnu leikskólans og gátu allir þátttakendur nefnt áhersluþættina.¹³ Í foreldrakönnun kom fram að meiri hluti foreldra sagðist þekkja stefnu og gildi leikskólans, vera ánægð með stefnuna og telja að markvisst sé unnið með stefnu og markmið.¹⁴

Styrkleikar

- Húsnæði leikskólans uppfyllir skilyrði varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008, það er rúmgott, snyrtilegt og umgengni góð.
- Búið er að byggja við leikskólann og bæta starfsumhverfi starfsmanna og barna.
- Hljóðvist er góð.
- Starfsfólk og foreldrar þekkja stefnu og markmið leikskólans.
- Matur er unninn frá grunni í eldhúsi leikskólans.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðum starfsmönnum svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljist til stöðugilda kennara.
- Brýnt er að bæta viðhald á útileiksvæði leikskólans.
- Samfara endurskoðun á skólanámskrá leikskólans þarf að taka upp umræðu um einkunnarorð/gildi og gera þau sýnileg í leikskólanum.

9 Rýnihópur starfsmanna, kennara, deildarstjóra og rýniviðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

10 Skólanámskrá leikskólans Hlíðarenda 2017.

11 Starfsáætlun leikskólans Hlíðarenda 2020-2021.

12 Rýniviðtal við leikskólastjóra, símaviðtal við sviðsstjóra Mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar.

13 Rýnihópar starfsmanna, kennara og deildarstjóra.

14 Foreldrakönnun vegna ytra mats á Hlíðarenda.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans Hlíðarenda er Hafnarfjarðarbær. Bæjarfélagið rekur 17 leikskóla í Hafnarfirði og þar að auki er þjónustusamningur við einn leikskóla. Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar hefur eftirlit með fag- og rekstrarlegum þáttum.¹⁵ Næsti yfirmaður leikskólastjóra er sviðsstjóri Mennta- og lýðheilsusviðs. Haldnir eru fundir aðra hverja viku með leikskólastjórum undir stjórn sviðsstjóra Mennta- og lýðheilsusviðs sem boðar þá með dagskrá. Þróunarfulltrúi Mennta- og lýðheilsusviðs boðar og stýrir fundum með aðstoðarleikskólastjórum einu sinni í mánuði.¹⁶

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá kom út í byrjun árs 2017 og hafði þáverandi leikskólastjóri forgöngu um þá vinnu með aðkomu starfsfólks. Á áætlun er að endurskoða skólanámskrána og er umræða um einstaka þætti hafin.¹⁷ Skólanámskrá er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Í skólanámskrá er sagt að unnið sé í anda framfarastefnunnar og hugmyndafræði John Dewey. Leikskólastjórnendur, kennarar og starfsfólk könnuðust ekki við það í rýnivíðtölum. Segir leikskólastjóri að uppeldisaðferðir séu í anda atferlismótunar.¹⁸ Í skólanámskrá er ekki fjallað um hvernig staðið er að færslu og aðlögun barna á milli skólastiga og hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst á milli leikskóla eða í grunnskóla samkvæmt reglugerð 856/2011. Samkvæmt aðalnámskrá á enn fremur að koma fram í skólanámskrá hvernig unnið er með hæfnisþætti í samræmi við aldur og þroska barna og birta viðmið fyrir leikskólastarfið sem metið er út frá í innra mati. Þá er Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna ekki sýnilegt í skólanámskránni.

Starfsáætlun og skóladagatal fyrir skólaárið 2020-2021 er aðgengilegt á heimasíðu leikskólans. Stjórnendur vinna starfsáætlun og foreldraráð les yfir, kemur með athugasemdir og samþykkir.¹⁹ Starfsmannahandbók og áætlun um móttöku nýrra starfsmanna eru ekki til.

Aðrar áætlanir sem liggja fyrir og eru aðgengilegar á heimasíðu Hlíðarenda eru Jafnréttisáætlun leikskólans Hlíðarenda 2019-2021, Brunaboði, Rýmingaráætlun/slys, Samskiptaáætlun, Eineltisáætlun 2019-2022. Móttökuáætlun barna, Viðbragðsáætlun vegna slysa og áfalla. Áfallaráð útgefin 2020, Handbók um velferð og öryggi barna útgefin 2014.

Stjórnun og starfsmenn

Í stjórnendateymi leikskólans Hlíðarenda eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri sem jafnframt er sérkennslustjóri og deildarstjórar. Fundir stjórnendateymis eru áætlaðir vikulega klukkutíma í senn. Nýlega var kaffitímum breytt til að efla fagstarf í leikskólanum fyrir hádegi og skapa aukið rými fyrir hópastarf. Áður voru tveir kaffitímar starfsfólks, annar að morgni dags og hinn síðdegis. Nú er einungis einn kaffitími upp úr hádegi. Þessi breyting á skipulagi leikskólans varð til þess að erfitt reynist að finna tíma fyrir stjórnendateymisfundum. Að sögn leikskólastjóra er verið að vinna í að finna tíma í núverandi skipulagi. Á stjórnendateymisfundum eru teknar sameiginlegar ákvarðanir um málefni leikskólans, aðstoðarleikskólastjóri ritar fundargerðir og dreifir á allar deildir og til leikskólastjóra sem heldur utan um þær.²⁰ Leikskólastjóri og eða aðstoðarleikskólastjóri tekur stöðuna í starfsmannahaldi að morgni og skráir á upplýsingatöflu á skrifstofu þar sem deildarstjórar sækja upplýsingarnar og skipuleggja sína deild út frá því. Starfsfólk í afleysingu sér á upplýsingartöflunni hvar viðkomandi leysir af þann daginn. Deildarstjórar bera ábyrgð og skipuleggja uppeldis- og menntastarfið á deildum í samstarfi og samráði við stjórnendateymið. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri segja að verkaskipting þeirra á milli sé formleg en er ekki til skrifleg og hefur ekki verið kynnt öðru starfsfólki en deildarstjórum.²¹ Í rýnihópum kom fram að flestir eru ánægðir með upplýsingamiðlun í leikskólanum. Upplýsingar koma fram á skipulagsdögum, starfsmannafundum og deildarfundum. Upplýsingar eru settar á skilaboðatöflu í kaffistofu og deildarstjórar miðla upplýsingum. Allar fundargerðir eru á sameiginlegu tölvudrifi og eða á workplace og hefur starfsfólk aðgang að þeim þar.²²

Áætlaðir skipulagsdagar eru sex á skólaárinu. Hafa verið fimm á ári en auka skipulagsdagur verður á þessu ári vegna skipulagningar sumarleyfa þar sem leikskólum Hafnarfjarðar verður ekki lokað

15 Heimasíða leikskólans Hlíðarenda.

16 Tölvupóstur frá sviðsstjóra Mennta- og lýðheilsusviðs.

17 Rýnivíðtal við leikskólastjóra.

18 Eyðublað fyrir gagnaöflun ytra mats í leikskóla.

19 Rýnivíðtal við leikskólastjóra.

20 Rýnivíðtal við leikskólastjóra.

21 Rýnivíðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

22 Rýnivíðtal við kennara og starfsfólk

vegna sumarleyfa í ár. Skipulagsdagar eru að meðaltali annan hvern mánuð og starfsmannfundir eftir opnunartíma tvo tíma í senn þann mánuð sem skipulagsdagur er ekki. Dagskrá skipulagsdaga og starfsmannafunda er send út fyrirfram og fundargerðir ritaðar. Deildarfundir eru hluti af hverjum starfsmannafundi. Þar er rætt um starfið á deildinni, börnin og aðferðir samræmdar. Fundargerðir eru skráðar og birtar á sameiginlegu tölvudrifi.²³

Við ráðningu nýs starfsfólks er fylgt lögum nr.95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Við undirritun ráðningarsamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnarskyldu og leyfi veitt til að sækja upplýsingar úr sakaskrá um möguleg brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, sbr.12. gr. laga nr. 95/2019.²⁴ Ekki er til skráð verklag um móttöku nýrra starfsmanna en deildarstjórar taka á móti nýju starfsfólki og er einstaklingsbundið hvernig það er gert.²⁵ Leikskólastjóri tekur starfsþróunarviðtöl við alla starfsmenn einu sinni á ári og skráir niðurstöður úr þeim.²⁶

Símenntunaráætlun er hluti af starfsáætlun leikskólans. Þar er starfsfólk hvatt til að fylgjast með framboðum og sækja námskeið. Einnig er þar áætlun um fræðsluefni á skipulagsdögum og starfsmannfundum skólaársins.²⁷ Auglýsingar um námskeið á vegum Kragans²⁸ eru hengdar á upplýsingatöflu og starfsfólk hvatt til að sækja þau.²⁹ Í viðtölum við starfsfólk kom fram að fólk sé hvatt til að sækja námskeið en framboð á námskeiðum sé að mettast og einnig sé erfitt að fara frá deildinni vegna manneklu.³⁰ Á Hlíðarenda er gert ráð fyrir samningsbundnum undirbúningstíma í dagskipulaginu. Kennarar og starfsfólk segja að deildarstjórar passi upp á að þeir fái tíma til undirbúnings og falli undirbúningstími niður þá sé þeim bættur upp sá tími.³¹ Stjórnendur og deildarstjórar sögðu að vegna manneklu komist deildarstjórar oft ekki í undirbúning. Þeir megi taka undirbúningstíma heima í yfirvinnu en kjósi að gera það ekki og því falli hluti samningsbundins undirbúningstíma oft niður. Deildarstjórar passa upp á að starfsfólkið fái sinn undirbúningstíma en sitja sjálfir á hakanum.³²

Fagleg forysta

Leikskólastjóri segist tileinka sér rauntímastjórnun, vera samkvæmur sjálfum sér, jákvæður, bjartsýnn, dugmikill og seigur. Hann segir að fátt slái sig út af laginu, hann þori að takast á við aðstæður og er hreinn og beinn. Hann segist fara mikið inn á deildir bæði til að leysa af og til að fá tilfinningu fyrir starfinu þar og reyni þá að vera hvetjandi og veita endurgjöf.³³ Í símaviðtali við sviðstjóra Mennta- og lýðheilsusviðs kom fram að leikskólastjóri hafi jákvætt viðhorf til flókinna mála, sé einstaklega lausnarmiðaður og taki leiðsögn mjög vel.³⁴

Aðstoðarleikskólastjóri segist vera duglegur, samviskusamur, hjálpsamur og ákveðinn. Vill hafa hlutina á hreinu. Hann segist hvetja fólk og vera ófeiminn að veita endurgjöf og leiðbeina.³⁵

Í öllum rýnihópum kom fram að báðir stjórnendur eru mjög sýnilegir og komi mikið inn á deildir og veiti endurgjöf. Kennarar segja leikskólastjóra duglegan að koma endurgjöf í orð. Starfsfólk sagði að aðgengi að stjórnendum væri mjög gott og gott sé að leita til þeirra. Starfsfólki finnst að hlustað sé á það og það fái að hafa rödd.³⁶ Börnin þekktu vel leikskólastjóran með nafni og sögðu um hann: „hún vinnur á skrifstofunni og ræður öllu“.³⁷

Mikill meirihluti foreldra er mjög eða frekar sammála því að stjórnendur leggi sig fram um að vera sýnilegir í starfi, að leikskólanum sé vel stjórnað og á heildina litið eru þeir ánægðir með leikskólann.³⁸

23 Rýnihópur deildarstjóra.

24 Rýniviðtal við leikskólastjóra.

25 Rýniviðtal við leikskólastjóra.

26 Rýniviðtal við leikskólastjóra.

27 Starfsáætlun leikskólans Hlíðarenda.

28 Menntanefnd sveitafélaga í Suðvesturkjördæmi skipuleggur námskeið og fyrirlestra fyrir starfsfólk leikskóla.

29 Rýniviðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

30 Rýnihópar starfsfólks, kennara og deildarstjóra.

31 Rýnihópur kennara og starfsfólks.

32 Rýnihópur deildarstjóra og rýniviðtöl við aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra.

33 Rýniviðtal við leikskólastjóra.

34 Síamaviðtal við sviðsstjóra Mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar.

35 Rýniviðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

36 Rýnihópar starfsfólks, kennara og deildarstjóra.

37 Rýnihópur barna.

38 Foreldrakönnun vegna ytra mats í Hlíðarenda.

Starfsandi og starfsánægja

Í öllum viðtölum og rýnihópum var meiri hluti sammála um að skólabragur og starfsandi væri góður. Einnig kom það vel í ljós á vettvangi. Mikill samstöðuandi er í hópnum og jákvæðni og gleði er ríkjandi. Tekið er tillit til ólíkra sjónarmiða, fólk þorir að vera ósammála og segja skoðanir sínar og allir fá að hafa rödd. Það ríkir metnaður og kærleiksríkt skólustarf, fólk deilir þekkingu sinni og góð samvinna er á milli deilda. Einkennandi fyrir starfsandann er hlýja og virðing fyrir börnum og samstarfsfólki og samheldni, traust og vinátta á milli starfsfólks. Þá kom fram að starfsfólk er stolt af leikskólanum og líður vel í starfi.³⁹ Margir höfðu orð á því að þeir væru metnir að verðleikum í starfi en bæjarstjórn hlustaði ekki alltaf á raddir starfsfólks. Mikil óánægja er með þá ákvörðun Hafnarfjarðarbæjar að hafa leikskólana opna í sumar. Fundur hafi verið haldinn til málamynda en ekki hlustað á rök samráðsaðila.⁴⁰ Starfsmannahópurinn kys sér skemmtinefnd sem kemur með tillögur að viðburðum, s.s. jólagleði og eldar saman framandi mat undir leiðsögn. Stundum er hluti skipulagsdaga nýttur til að hrista saman hópinn. Í rýnihópi starfsfólks kom fram að lítil þátttaka sé á viðburðum, skemmtinefnd komi með tillögur en fái lítil viðbrögð. Þá vanti svolítið upp á félagslega þáttinn í kaffitímum. Fólk sé á kafi í símanum sínum en spjalli ekki saman.⁴¹ Búið var að skipuleggja námsferð erlendis vorið 2020 sem var frestað til vors 2021 vegna Covid-19 og er enn búið að fresta af sömu ástæðu.⁴²

Styrkleikar

- Mikil ánægja er með stjórnun í leikskólanum, leikskólastjórnendur leggja rækt við samskipti við börn, starfsmenn og foreldra.
- Upplýsingaflæði innan leikskólans er gott.
- Leikskólastjórnendur eru sýnilegir í starfi og gott aðgengi að þeim.
- Starfsandi og skólabragur er góður, traust og gagnkvæm virðing er á milli starfsfólks og því líður vel í vinnunni.
- Samstarf og samábyrgð starfsfólks eru sýnileg.
- Metnaður ríkir í leikskólanum og starfsfólk er stolt af starfi sínu.

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða þarf skólanámskrá í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla frá 2011, með aðkomu starfsfólks, barna og foreldra.
- Samfara endurskoðun á skólanámskrá ætti að fara fram umræða um hugmyndfræði leikskólans, hvernig vinna á að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og tengsl við væntanlega menntastefnu Hafnarfjarðar.
- Í endurskoðaðri skólanámskrá ætti að gera grein fyrir núverandi starfsháttum leikskólans. Skipulagi, sérfræðiþjónustu, hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst á milli leikskóla eða í grunnskóla og hvernig starfsfólk, börn og foreldrar eru þátttakendur í innra mati.
- Vinna ætti starfsáætlun í samvinnu við kennara, annað starfsfólk, foreldra og börn.
- Verkaskiptingu leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra þyrfti að vera skrifleg og kynna fyrir starfsfólki.
- Æskilegt er að vinna starfsmannahandbók sem inniheldur m.a nauðsynlegar upplýsingar fyrir starfsfólk s.s. dagskipulag, verklagsreglur, starfslýsingar og verkaskiptingu og hafa aðgengilega öllu starfsfólki.
- Skrá og samræma þarf verklag við móttöku nýs starfsfólks.
- Brýnt er að fundir í stjórnendateymi séu haldnir reglulega og eigi sinn tíma í dagskipulaginu.
- Finna þarf leiðir til að samningsbundnir undirbúningstímar deildarstjóra falli ekki niður.

39 Foreldrakönnun vegna ytra mats í Hlíðarenda.

40 Rýnihópur starfsmanna, kennara, deildarstjóra og rýnivíðtal við aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra.

41 Rýnihópur starfsfólks.

42 Rýnivíðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Þrjár deildir eru með tveggja til sex ára börn og ein deild er fyrir yngri börn. Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir fjölbreyttum námsaðstæðum og er mikill samhljómur með deildunum. Meðal annars er skipulag á eldri barna deildum eins. Hver deild hefur heimastofu og tvær innri stofur, að auki er stofa á milli tveggja heimastofa með einingakubbum sem tvær deildir samnýta. Salerni er inn af heimastofu og tvær og tvær deildir sameinast um fataklefa. Auk þessa hefur hver deild aðgang að listastofu og sal einn dag í viku. Skipulag húsnæðis gefur möguleika á góðum samskiptum og samstarfi allra í leikskólanum. Á öllum deildum eru í tveimur stofum borð og stólar, en börnin borða morgunmat, hádegimat og síðdegishressingu inni á sinni deild. Gott rými er til gólfleikja og borðvinnu og er jafnræðis gætt á milli þessara þátta. Á öllum deildum er skúffuskápur þar sem börnin hafa eina skúffu hvert til afnota. Hillur í hæð barnanna fyrir leikföng eru í tveimur stofum, einnig vagn með efniviði til listsköpunar og húsgögn fyrir hlutverkaleik. Innrétting með skápum, borði og vaski fyrir starfsfólk eru í heimastofu.

Á öllum deildum er mikið til af fjölbreyttu leik- og námsefni og er aðgengi barnanna að því gott. Á hverri deild er geymsla þar sem starfsfólk geymir meðal annars leikföng sem börnin geta fengið og valið sér í frjálsum tíma og í vali. Misjafnt var eftir deildum hvort börnin þurftu að biðja um leyfi til að sækja leikföng þangað eða hvort þau máttu ganga frjálst um geymsluna. Starfsfólk á yngstu deildinni sótti leikföng í geymsluna þegar það átti við. Fram kom að starfsfólk er ánægt með hvað mikið geymslupláss fylgir hverri deild og finnst það nýtast vel. Mánaðarlega er leikföngum skipt á milli deilda og er það gert eftir ákveðnu skipulagi. Litir og blöð voru aðgengileg svo og púsl og spil. Bækur eru aðgengilegar á öllum deildum en jafnframt er sameiginlegt bókasafn í skólanum. Nýlega er búið að fara yfir allar bækurarnar í bókasafninu og flokka þær eftir ákveðnu kerfi. Mánaðarlega er skipt út bókum á deildunum. Stafróf og tölustafir eru sýnileg á deildum og einnig stafróf með mynd af barni við sinn upphafsstaf. Víða voru leikföng og hillur merkt með orðum. Myndverk eftir börnin eru sýnileg í umhverfinu. Í listastofu er hátt borð og stólar sem gerir það að verkum að börnin verða að sitja við vinnu sína. Efniviður í listastofu er jafnframt ekki sýnilegur eða aðgengilegur börnunum. Fram kom í rýnihópum að listastofa hefur verið lokuð síðasta ár vegna framkvæmda en hún var nýlega opnuð aftur. Einnig kom fram að eftir opnun hefði ekki verið rætt um hvaða verkefni ættu að vera í boði í listastofu.⁴³ Salur er vel búinn fyrir grófhreyfipjálfun. Vináttuverkefnið Blær er mjög sýnilegt í umhverfinu. Umhverfi Hlíðarenda býður upp á fjölbreytta útivist og vettvangsferðir.

Deildarstjórar bera ábyrgð á gerð dagskipulags, ræða það á deildarfundum og endurskoða það eftir þörfum og aldri barnanna. Fram kom að dagskipulag hefur lítið breyst frá því skólinn opnaði. Starfsfólk talaði um að það væri ánægt með dagskipulagið og telur ekki mikla þörf á að endurmeta það. Á síðasta ári var kaffitíma starfsfólks breytt og var dagskiplag þá aðlagð því.⁴⁴ Dagskipulag skiptist í frjálstan leik, hópastarf og val. Samverustundir og skipulagðar stundir eru á deildum og myndrænt dagskipulag í hæð barnanna er á öllum deildum.

Starfshættir

Í námskrá Hlíðarenda segir að starfsfólk hafi sammælt um að leggja áherslu á lífsleikni, hreyfingu og umhverfismennt.⁴⁵ Í hópastarfi þar sem ákveðinn starfsmaður sér um ákveðinn hóp barna er meðal annars unnið með þessar áherslur. Í rýnihópum og á vettvangi kom þetta skýrt fram. Vináttuverkefnið Blær er ein leið leikskólans til að vinna með vináttu og gildin virðingu, umburðalyndi og umhyggju. Verkefnið var sýnilegt á vettvangi og var starfsfólki tíðrætt um það og vitnaði til þess þegar talað var um lífsleikni. Hlíðarendi er Grænánaskóli og kom fyrsta skýrslan út árið 2008 og er því umhverfismennt sterkur þáttur í starfi leikskólans. Í hópastarfi er unnið með áður nefnt þróunarverkefni um málrækt og læsi fjórum sinnum í viku. Þarna er meðal annars verið að vinna með málörvun, orða-spjall, hljóðvitund, rím og stafainnlögn. Áætlað er að í lok verkefnisins verði gefin út handbók um læsi, málörvun og snemmtæka íhlutun í Hlíðarenda.⁴⁶ Í lok dags er val á eldri deildum þar sem börnin geta valið sér svæði eftir ákveðnum reglum. Matartímar fara fram á deildum og borða öll börn samtímis. Á öllum deildum er borðað í tveimur stofum og er setið við tvö borð í hvorri stofu á eldri deildum en á

43 Rýnihópur starfsfólks og rýnivíðtal við leikskólastjóra.

44 Rýnihópur starfsfólks, kennara, deildarstjóra og rýnivíðtal við aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra.

45 Skólanámskrá Hlíðarenda.

46 Heimasíða Hlíðarenda, rýnihópur deildarstjóra, rýnivíðtöl við aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra.

ýngri deildinn er borðað á þremur borðum í tveimur stofum. Við matarborðið eiga börn og starfsfólk ákveðið sæti og áhersla er á að skapa þægilegt andrúmsloft og að spjalla saman.⁴⁷

Deildarstjórar leiða uppeldis- og menntastarf á deildum, leiðbeina ófaglærðu starfsfólki og skipuleggja dreifingu starfsfólks á vinnusvæði. Í samskiptum starfsfólks við börnin er lögð áhersla á umhyggju, virðingu, jákvæðni og að hlusta á börnin. Á vettvangi mátti sjá að starfsfólk var nálægt börnunum við leik, þeir beygðu sig niður til barnanna til að ná augnsambandi við þau. Einnig sat starfsfólk við borð til að fylgjast með og taka þátt í leik barnanna. Á yngstu deildinni sat starfsfólk jafnframt á gólfinu. Sjá mátti virka hlustun hjá flestu starfsfólki á vettvangi, það sýndi leik barnanna áhuga, leiðbeindi, spjallaði við þau og hvatti. Í rýnihópum kom fram að gott samstarf er á milli deilda og að gott sé að leita til samstarfsfólks um hugmyndir og ráð. Starfsfólk telur að það fái tækifæri til að sýna frumkvæði og bera ábyrgð. Birtist það meðal annars í því að starfsfólk ber hvert ábyrgð á einum hópi í hópastarfi.⁴⁸ Samræmt verklag er við krefjandi hegðun á útisvæði en þá er viðkomandi barni boðið að leiða starfsmann. Í rýnihópi barna svaraði barn þegar spurt var hvað væri gert ef einhver gerði eitthvað sem er bannað. „Það er hjálpað – kennarinn leiðir þann sem er að gera eitthvað sem er bannað – kennarinn þurfti einu sinni að leiða A... alla útiveruna af því hann meiddi einhvern“.⁴⁹ Að öðru leiti kannaðist starfsfólk ekki við samræmt verklag, nema ef upp koma vandamál inni á deild þá talar samstarfsfólk saman og reynir að samræma aðgerðir.⁵⁰

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í jafnréttisáætlun Hlíðarenda er fjallað um nemendur og með hvaða hætti er stuðlað að jöfnum rétti allra barna á Hlíðarenda og hvernig gert er ráð fyrir að jafnréttisfræðslu þeirra sé háttáð.⁵¹ Í skólanámskrá segir að í jafnrétti felist að ganga ekki á rétt annarra. Í daglegu starfi leikskólans er lögð áhersla á að allir njóti virðingar og að hver einstaklingur fái notið sín á eigin forsendum. Er þetta meðal annars gert með lífsleikniverkefninu.⁵² Í leikskólastarfinu er ekki unnið markvisst með lýðræðis þátttöku barnanna. Helst má sjá lýðræðislega þátttöku barnanna í vali en þá geta þau valið sér svæði til að leika á en svæðin eru merkt ákveðnum viðfangsefnum. Börnin sögðu að það mætti bara skipta um svæði í valinu þegar kennarinn segði og það væri laust pláss.⁵³ Hópastarfi er stjórnað af kennurum og er fyrir fram ákveðið hvað á að gera í hverri stund. Í viðtali við börnin kom fram að þau megi ekki velja hvað þau gera í hópastarfi, heldur ræður kennarinn því. Jafnframt sögðu þau að kennarinn réði hvert væri farið í vettvangsferðum en þau mættu ráða hvern þau leiddu.⁵⁴ Fram kom í rýniviðtölum að starfsfólk er meðvitað um það að lýðræðisleg þátttaka barnanna er ekki mikil. Helst er það í vettvangsferðum sem börnin eru spurð hvað þau vilji gera. Börnin gátu nefnt reglur sem eru í skólanum en þær eru ekki sýnilegar. Starfsfólk sagði að börnin hafi ekki komið að því að móta þær. Í rýnihópi nefndu börnin nokkrar reglur eins og að það mætti ekki meiða, ekki lemja og bara hlaupa úti, ekki inni.⁵⁵ Börnin koma ekki að mati á skólastarfinu. Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu. Börn er hvött til sjálfshjálpar og daglegar athafnir eru nýttar til náms og samskipta. Börn eru hvött til að deila reynslu sinni og hugmyndum bæði í samverustundum og í matartímum. Á vettvangi sáu matsaðilar að starfsfólk er tilbúið að hlusta á börnin og ræða við þau. Börnin eru hvött til sjálfshjálpar til dæmis til að klæða sig í og úr í fataklefa. Að sögn starfsfólks eru börnin vön að skammta sér sjálf á diskinn í matartímum en vegna sóttvarnarráðstafana út af Covid-19 skammtar starfsfólk á diskana núna.

Námssvið

Í skólanámskrá leikskólans er fjallað um hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar og námssviðum aðalnámskrár og hvernig grunnþættirnir fléttast inn í allt skólastarfið.

Mikil áhersla er lögð á málrækt í leikskólanum og á vettvangi mátti sjá áherslur í hópastarfi sem tengdust fyrrnefndu þróunarverkefni um snemmtæka íhlutun, mál og læsi. Unnið er með staf vikunnar og markvissa stafainnlögn. Fram kom í rýnihópum að flest börn eru orðin læs við lok leikskólagöngu. Í dagskipulagi er gert ráð fyrir samverustundum þar sem lesnar eru bækur og á vettvangi var sýnilegt að aðferðir orðaspjalls eru notaðar til að auka málskilning og orðaforða barnanna. Í samverustund er veðurfræðingur dagsins en börnin skiptast á að vera í því hlutverki. Veðurfræðingurinn athugar

47 Rýnihópar starfsfólks, kennara og deildarstjóra.

48 Rýnihópar starfsfólks, kennara og deildarstjóra.

49 Rýnihópur barna.

50 Rýnihópur barna, starfsfólks, kennara og deildarstjóra. Rýniviðtal við aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra.

51 Jafnréttisáætlun leikskólans Hlíðarenda 2019-2021.

52 Skólanámskrá Hlíðarenda.

53 Rýnihópur barna.

54 Rýnihópur barna.

55 Rýnihópur barna.

hvernig veður er úti og börnin spjalla um það og ræða meðal annars um hvernig eigi að klæðast í þannig veðri. Veðurlýsingin er einnig sjónræn. Bókstafir og tölustafir eru sýnilegir í umhverfinu en misjafnt er eftir deildum hversu mikið ritmálið er sýnilegt. Bókarekki er á öllum deildum og aðgengi barnanna að bókum gott en huga mætti að bókavali og fjölda bóka á deildum. Börnin hafa ekki aðgang að bókasafni skólans en bókum á deildum er skipt út mánaðarlega. Í rýnivíðtölum starfsfólks kom fram að ekki væri markvisst verið að hvetja börn til frásagnar en hlustað væri á börnin ef þau vildu segja frá svo sem í samverustund og við matarborð. Ekki er unnið með skráningar eða frásagnir barnanna.⁵⁶ Sameiginlegar tónlistarstundir fyrir allan skólann eru á föstudögum í sal. Á vettvangi sáu matsaðilar að til er mikið safn hljóðfæra en þau ekki notuð.

Heilbrigði og vellíðan barnanna er styrkt með ýmsum hætti. Bæði í frjálsum leik og skipulögðu starfi. Á öllum deildum er aðstaða til hvíldar og yngstu börnin hvílast að loknum hádegisverði. Í dagskipulagi er gert ráð fyrir að öll börn fari út að minnsta kosti einu sinni á dag. Vettvangsferðir eru á dagskipulagi einu sinni í viku og er það í tengslum við Grænfánaverkefnið. Fram kom í rýnivíðtölum að stutt er í fjölbreytta náttúru og að starfsfólk sé duglegt að nýta sér hana.⁵⁷ Aðstaða er til hreyfipjálfunar í leikskólanum og hefur hver deild salinn einn dag í viku. Yfir sumartímam stendur öllum nemendum til boða að taka þátt í morgunhlaupi daglega í garði leikskólans. Á áætlun er að elstu börnin hafi aðgang að íþróttahúsi Setbergsskóla einu sinni í viku. Þessir tímar hafa fallið niður vegna Covid-19 en áhugi er fyrir því að þeir haldi áfram. Áhersla er lögð á hollt matarræði og er maturinn unnin frá grunni í leikskólanum.

Allt sorp er flokkað og endurunnið. Allur lífrænn úrgangur fer í jarðvinnslutunnur til moltugerðar og aðstoða börnin við það að fara með úrganginn í jarðvinnslutunnurnar. Börnin fylgjast þannig með hvernig úrgangurinn verður smám saman að moltu. Moltan er síðan sett í trjábeð leikskólans. Á vorin er hreinsunarkvika en þá hreinsa börn og starfsfólk lóð leikskólans. Einnig eru settar niður kartöflur og eru þær teknar upp á degi náttúrunar 16. september. Í garðinum er aðstaða til vatnsleikja en á tveim stöðum eru trétunnur sem affall af þaki skólans rennur í. Á tunnunum er krani svo börnin geti náð sér í vatn. Vísindastarf eða námsgögn því tengd voru ekki sýnileg þá daga sem matsaðilar voru á vettvangi. Í rýnihópi deildarstjóra kom þó fram að til eru bakpokar sem farið er með í vettvangsferðir og í þeim er ýmislegt til vísindastarfa. Einingakubbar eru til og hefur hver deild aðgang að þeim að minnsta kosti tvo daga í viku.

Í leikskólanum er sérstakt rými fyrir skapandi starf. Allar deildir hafa aðgang að því samkvæmt fyrirfram ákveðnu skipulagi og fer hluti hópastarfsins fram þar. Á deildum eru litir, blöð og skæri í boði fyrir börnin. Myndverk eru sýnileg á veggjum leikskólans en almennt er ekki mikið sýnilegt af skapandi starfi. Fram kom í viðtali við stjórnendur að vegna framkvæmda í leikskólanum hefði listastofa verið lokuð í ár og var verið að opna hana aftur dagana sem matsaðilar voru á vettvangi. Börnin heimsækja bókasafn Setbergsskóla en lítið er um annað menningarstarf.

Velferð og líðan barna

Í leikskólanum er unnið með vináttuverkefnið Blæ og sást það vel á vettvangi. Starfsfólki var tíðrætt um það í sambandi við samskipti þess við börnin og samskipti milli barna. Andrúmsloftið í leikskólanum er gott, afslappað og einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi, trausti og jákvæðu viðmóti. Samskipti starfsmanna við börnin voru uppbyggileg og starfsfólk sýndi þolinmæði. Starfsfólk var nærri börnunum í leik, sat við borð eða á gólfinu. Á vettvangi sáu matsaðilar sjálfstæð, glöð og starfssöm börn. Í rýnihópi barna kom fram að það er gaman í leikskólanum og þau eru glöð. Þau sögðu „að kennarinn hjálpi ef manni líður illa og ef einhver er að stríða“. Þegar börnin voru spurð hvað þau væru að gera í leikskólanum sögðu þau „erum með vináttu og leikum saman, æfum okkur“. Meðal þess sem þeim fannst skemmtilegast að gera var að leika og læra, fara í göngutúr, róla og fara í fótbolta og það sem var frábærast var að leika í kubbó, einingakubbunum, púðunum, teikna og í spjaldtölvunni.⁵⁸ Í foreldrakönnun sem MMS gerði í febrúar 2021 telja nær allir foreldrar sem svara könnuninni að barninu líði vel, aðlagist hópnum og sé öruggt í leikskólanum. Einnig að samskipti

⁵⁶ Rýnihópur starfsfólks, kennara og deildarstjóra.

⁵⁷ Rýnihópur starfsfólks, kennara og deildarstjóra. Rýnivíðtal við aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra.

⁵⁸ Rýnihópur barnanna.

starfsfólks við börnin séu almennt góð og að starfsmenn þekki þarfir þeirra. Þeir telja jafnframt að í leikskólanum sé lögð áhersla á að efla sjálfstraust barnsins. Foreldrar telja að þeir geti fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið. Þeim finnst aðbúnaðurinn í skólanum góður og að barnið taki stöðugum framförum.

Við aðlögun barna er unnið samkvæmt móttökuáætlun sem finna má á heimasíðu leikskólans. Gert er ráð fyrir að aðlögun geti tekið allt að sex dögum og fer það eftir aldri og þroska barnsins.

Mat á námi og velferð barna

Mat á námi er unnið með skipulögðum hætti. Reglulega er fyllt út í TRAS lista en hann er notaður til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna og skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska. Að hausti er gert HLJÓM-2 próf á öllum elstu börnunum. HLJÓM-2 er greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund barna. Foreldrar þriggja ára barn fylla út Orðaskil og er það gert til að mæla orðaforða barnsins og vald þess á beygingarkerfi og setningargerð. Starfsmenn hafa útbúið gátlista sem stuðst er við í foreldrasamtölum, deildarstjórar fylla hann út í samstarfi við hópstjóra.⁵⁹ Börnin koma ekki að mati á líðan. Foreldrar taka ekki beinan þátt í að meta nám og framfarir barnanna en þeir fá upplýsingar um stöðu barnsins í foreldrasamtölum einu sinni á ári. Deildarstjórar bera ábyrgð á að fylla út í TRAS listann í samstarfi við hópstjóra barnsins en aðstoðarleikskólastjóri/sérkennslustjóri gerir HLJÓM-2 prófið.⁶⁰ Íslenski þroskalistinn og íslenski smábarnalistinn er notaður þegar það á við einnig Aeps gátlisti. Ekki er formlegt samstarf á milli leikskólans og heilsugæslu en heilsugæsla hefur samband ef upp koma spurningar varðandi þroskaskimanir sem gerðar eru þar.⁶¹

Í áðurnefndri foreldrakönnun frá febrúar 2021 kemur fram að um 70% foreldra sem svara telja sig fá reglulega góðar leiðbeinandi upplýsingar um framfarir barnsins og svipaður fjöldi foreldra telja sig hafa tekið þátt í að meta framfarir barnsins.

Styrkleikar

- Húsnæðið er rúmgott og býður upp á að skipta barnahópnum í minni hópa.
- Ritmál er sýnilegt í umhverfinu.
- Tækifæri til vettvangsferða og útivistar utan leikskólalóðar eru góð og vettvangsferðir eru vikulega á dagskipulagi allra deilda.
- Deildarstjórar skipuleggja og leiða faglegt starf á deildum en allir starfsmenn bera ábyrgð á ákveðnum barnahópi.
- Allt starfsfólk kemur að skipulagi starfsins og hlustað er á raddir allra.
- Unnið er með grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár.
- Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Áhersla er á hollan mat og hreyfingu.
- Börnin eru glöð og þeim líður vel í leikskólanum.
- Skipulega er unnið að mati á námi og framförum barna.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að fram fari umræða um skapandi starf, efnivið og búnað í listastofu.
- Vinna ætti að því að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag og viðfangsefni.
- Æskilegt væri að endurskoða og skrá gildandi reglur í leikskólanum með aðkomu barnanna.
- Vísindastarf mætti vera sýnilegra.

59 Rýnihópur deildarstjóra.

60 Rýnihópur deildarstjóra.

61 Viðtal við leikskólastjóra.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og í því sitja þrjú fulltrúar. Að hausti auglýsir leikskólastjóri eftir foreldrum í ráðið en reynslan er sú að erfitt er að fá foreldra til að bjóða sig fram. Leikskólastjóri bregður því á það ráð að leita til foreldra í stjórn foreldrafélagsins til að vera einnig fulltrúi í foreldraráði og nær að manna ráðið þannig. Foreldraráð hefur ekki sett sér starfsáætlun eða vinnureglur. Það fundar ekki reglulega og eru samskiptin aðallega í tölvupósti og skilaboðum frá stjórn foreldrafélagsins. Leikskólastjóri hefur frumkvæði að málum sem tekin eru fyrir. Helsta verkefni foreldraráðs er að lesa yfir skólanámskrá, starfsáætlun og skóladagatal leikskólans og gefa umsögn. Stefna og þróun leikskólans er einnig rædd í tengslum við starfsáætlun. Fram kom að samstarf foreldraráðs og leikskólastjóra hafi verið farsælt og að traust sé á milli aðila.⁶² Þar sem ekki er boðað til formlegs fundar í foreldraráðinu eru engar fundargerðir ritaðar.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og eru sex foreldrar í stjórn þess. Stjórnin fundar reglulega og setur sér áætlun fyrir starfsárið. Fundir eru boðaðir með dagskrá og ákveðnir með góðum fyrirvara og fundargerðir ritaðar. Stjórn foreldrafélagsins er einnig með lokaða facebook síðu sem heldur utan um helstu verkferla fyrir viðburði sem félagið stendur fyrir. Foreldrafélagið kemur að ýmsum viðburðum í samstarfi við leikskólann svo sem jólaleikriti, leiksýningu í kringum afmæli skólans, vöflukaffi fyrir fjölskyldur á degi leikskólans, sveitaferð á vorin og sumarhátíð.⁶³ Þátttaka foreldra í viðburðum sem þessum er almennt góð. Í tengslum við aðalfund foreldrafélagsins hefur verið reynt að bjóða upp á fyrirlestur fyrir foreldra en þeir hafa verið illa sóttir.⁶⁴

Leikskólastjóri tekur alla nýja foreldra í viðtal við upphaf skólagöngu. Leggur hann metnað í það að gefa foreldrum góðan tíma í upphafi til að mynda sterk tengsl.⁶⁵ Aðlögun nýrra barna tekur um viku og er til sérstök áætlun og upplýsingabæklingur um það sem foreldrum er kynnt í upphafi skólagöngu. Foreldrasamtal er einu sinni á ári þar sem rætt er um líðan og þroska barna. Ef ástæða er til eru foreldrar boðaðir oftari í samtöl og eins er nýjum foreldrum kynnt það að þeir geti óskað eftir samtali hvernær sem er.⁶⁶ Á haustin eru foreldrafundir þar sem starfsáætlun er kynnt. Deildarstjórar sögðust nota Karellen í samskiptum við foreldra. En þar skráir starfsfólk yngri deilda meðal annars hvernig barnið hefur borðað og sofið og geta foreldrar sótt upplýsingar þangað. Foreldrar geta notað Karellen til að senda skilaboð á starfsfólk deildarinnar. Einnig eru myndskráningar settar þar inn reglulega. Í fataklefa eru upplýsingatöflur en fram kom að þær eru ekki mikið notaðar. Leikskólastjóri sendir upplýsingar um viðburði til foreldra í tölvupósti.⁶⁷ Upplýsingar á heimasíðu leikskólans mættu vera aðgengilegri og nýta ætti hana betur til að koma reglulega með fréttir og upplýsingar. Á heimasíðu eru aðeins upplýsingar um móttöku nýrra barna á ensku en æskilegt er að upplýsingar séu á öðrum tungumálum en íslensku. Í áður nefndri foreldrakönnun sem MMS gerði í febrúar 2021 fyrir ytra matið kemur fram að nær allir foreldrar sem svöruðu telja sig fá góðar upplýsingar um hvað er á döfinni í leikskólanum og þeir telji sig fá greinargóð svör við spurningum um leikskólastarfið. Einnig telja þeir að leikskólinn hvetji foreldrar til þátttöku í leikskólastarfinu.

Viðhorf foreldra

Viðhorf foreldra til leikskólans er jákvætt og kemur það skýrt fram í foreldrakönnunum sem gerðar hafa verið undanfarið. Foreldrum finnst viðfangsefni leikskólans áhugaverð og aðbúnaður barnanna góður. Þeir telja að börnin taki stöðugum framförum í leikskólanum og líði vel þar. Foreldrar telja að ábendingar þeirra séu teknar til greina og að leitað sé eftir tillögum og hugmyndum frá þeim.⁶⁸

Samstarf við grunnskóla

Formlegt samstarf er við Setbergsskóla og er reglulega farið í vettvangsferðir í nágrenni skólans til að kynna börnunum umhverfi hans. Fundað er árlega að hausti í Setbergsskóla og að vori í Hlíðarenda og Hlíðarbergi til skiptis. Að hausti er vetrarstarfið skipulagt en að vori er gert mat á árangri samstarfs

62 Rýniviðtal við leikskólastjóra og tölvupóstur fulltrúa foreldraráðs.

63 Rýniviðtal við leikskólastjóra, heimasíða Hlíðarenda.

64 Rýniviðtal við stjórnendur og tölvupóstur fulltrúa foreldrafélagsins.

65 Rýniviðtal við aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra.

66 Rýnihópur deildarstjóra og rýniviðtal við aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra.

67 Rýnihópur deildarstjóra og rýniviðtal við aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra.

68 Foreldrakönnun MMS febrúar 2021.

liðins vetrar. Börn úr fyrsta bekk koma í heimsókn í Hlíðarenda í september. Í nóvember fara elstu börnin í leikskólanum á dansball með fyrstu bekklingum og er ballið haldið í vinaviku. Í nóvember fara leikskólabörnin í heimsókn í Setbergsskóla þar sem skólastjóri/deildarstjóri taka á móti hópnum og sýna börnunum húsnæðið. Í janúar sitja börnin í kennslustund með fyrstu bekklingum, fara í frímínútur og borða nesti. Í maí er börnunum boðið á skemmtun með fyrsta bekk þar sem leikskólabörnin eru með skemmtiatriði. Börnunum í leikskólanum er boðið á þemadaga í Setbergsskóla. Elsti árgangurinn í leikskólanum hefur regluleg afnot af íþróttahúsi Setbergsskóla yfir veturinn og einnig fer hann reglulega í heimsóknir í bókasafn Setbergsskóla.⁶⁹

Á vorin er haldinn óformlegur skilafundur þar sem deildarstjórar leikskólans og bekkjarkennari hittast og ræða væntanlegan nemendahóp. Í þeim tilfellum þar sem skilað er skriflegri umsögn um barn eru foreldrar upplýstir um málið og undirrita þeir erindið.⁷⁰

Annað samstarf

Á vorin eru svokölluð nemendaskipti á milli Hlíðarenda og leikskólans Norðurbergs. Þá koma börn frá Norðurbergi í heimsókn í Hlíðarenda og dvelja þar dagspart. Á sama tíma fara börn úr Hlíðarenda í heimsókn í fjöruna og í leikskólann Norðurberg. Tónlistarskóli Hafnarfjarðar hefur boðið nemendum í heimsókn. Samstarf er við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins um að elstu börnin í leikskólunum Hlíðarenda og Hlíðarbergi séu saman í fræðslu um eldvarnir eða fræðslu Loga og Glóðar. Einnig er farið í heimsóknir á bókasafn Hafnarfjarðar.⁷¹

Styrkleikar

- Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi í leikskólanum.
- Viðhorf foreldra til leikskólans er jákvætt og telja þeir að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Vel er tekið á móti nýjum foreldrum og börnum við upphaf leikskólagöngu og foreldrar eru upplýstir um stefnu leikskólans.
- Til er upplýsingabæklingur fyrir foreldra sem þeir fá þegar barn byrjar í leikskóla og er hann einnig á heimasíðu.
- Fram kemur í foreldrakönnun að vel sé staðið að upplýsingagjöf um starfið og börnin.
- Formlegt samstarf er við grunnskólann og er áætlun um það birt í starfsáætlun.

Tækifæri til umbóta

- Áfram ætti að leita leiða til að hvetja foreldra til þátttöku í foreldraráði svo unnt sé að velja fulltrúa með lýðræðislegum hætti.
- Foreldraráð þarf að setja sér starfsáætlun og vinnureglur og birta fundargerðir á heimasíðu leikskólans.
- Æskilegt er að formlegt ferli sé um það hvaða upplýsingar fylgi börnum á milli skólastiga.
- Æskilegt er að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum.

69 Rýnihópur deildarstjóra, skólanámskrá og starfsáætlun Hlíðarenda 2020-2021.

71 Rýnihópur deildarstjóra.

70 Rýnihópur deildarstjóra.

Skóli án aðgreiningar

Skólalþjónusta og sérkennsla

Í leikskólanum er starfandi sérkennslustjóri í 50% starfi, kennari með B.Ed.-gráðu. Hann ber ábyrgð á og hefur umsjón með sérkennslu, skipuleggur vinnuna í samstarfi við deildarstjóra, upplýsir starfsmenn, veitir ráðgjöf og fylgir eftir vinnunni með sérkennslubörnunum. Sérkennslustjóri er hluti af stjórnendateymi leikskólans.

Í Hafnarfirði er sérstakt verklag sem kallast Brúin. Markmið þessa verkefnis er að samþætta þjónustu bæjarins og auka lífsgæði barna, unglinga og fjölskyldna þeirra. Á heimasíðu Hafnarfjarðar kemur einnig fram að í Brúarteymum sitji fagaðilar á vegum skólans, ásamt ráðgjöfum frá Mennta- og Lýðheilsusviði og fjölskyldu og skólalþjónustu Brúarinnar. Hlutverk Brúarteymis er að kortleggja stöðu barns og leita sameiginlegra lausna, barni og fjölskyldu til stuðnings. Í Brúarteymi er nám, hegðun, þroski og/eða líðan barns rædd með samþykki foreldra og viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast fyrr við erfiðleikum eða aðstæðum barnsins.⁷²

Brúarteymið fundar tvisvar í mánuði í leikskólanum og fer það eftir málefnum hverju sinni hverjir mæta á fundinn. Í leikskólanum eru það leikskólastjóri, sérkennslustjóri og eftir atvikum deildarstjóri sem sitja fundina. Leikskólinn hefur aðgang að leikskólaráðgjafa sem sinnir ráðgjöf og stuðningi við leikskólastarfið og er hann hluti af Brúarteyminu. Í rýnivíðtölum kom fram að gott aðgengi er að sérkennslufulltrúa, talmeinafræðingi og öðrum sérfræðingum og reynt er að bregðast fljótt við erindum frá leikskólanum.⁷³

Ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni ræða sérkennslustjóri og deildarstjóri saman um málið. Byrjað er að gera forgreiningar og skrá niður athugasemdir til að undirbúa Brúarteymisfund. Foreldrar þurfa að gefa skriflegt leyfi fyrir því að mál séu tekin fyrir á þessum fundum. Á Brúarteymisfundunum eru málin rædd, skoðað hvað hefur verið gert og tekin ákvörðum um framhaldið. Þetta ferli er ekki skráð eða kunnugt öllu starfsfólki.⁷⁴

Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með skilgreindan stuðning og eru þær endurskoðaðar tvisvar á ári.⁷⁵ Í starfsáætlun segir að í einstaklingsnámskrá eru skilgreind markmið og leiðir sem notaðar eru til að ná ákveðinni færni og eru þau endurmetin reglulega. Einstaklingsnámskrá er leiðarvísir sem allir þeir sem koma að vinnu með barninu nota sér til stuðnings. Sérkennsla er aðlöguð að dagskipulagi leikskólans, unnið er í litlum hópum þar sem öll börn fá að njóta sín eða með börnin eitt í einu þegar þörf er á því.⁷⁶

Teymisfundir með foreldrum barna með stuðning eru haldnir eftir þörfum. Misjafnt er hver boðar teymisfundina, ýmist er það sérkennslustjóri eða deildarstjóri. En sérkennslustjóri skráir niðurstöður fundanna. Starfsfólk deilda er upplýst um sérkennslubörn en ekki starfsfólk alls skólans nema sérstök þörf sé á því.⁷⁷ Fram kom í rýnivíðtölum að starfsfólk telur sig fá nægar upplýsingar um sérkennslubörnin. Það segist fá fræðslu og stuðning þegar það þarf á því að halda og einnig fær starfsfólk stuðning til að sækja námskeið. Starfsfólk telur að nóg sé til af kennsluefni fyrir sérkennslu og ef eitthvað vantar er það keypt. Mikið er til af heimatilbúnu kennsluefni og áætlað er að flokka og merkja allt kennsluefni sem tilheyrir sérkennslu. Húsnæði til sérkennslu er gott enda nýbúið að byggja við leikskólann.⁷⁸

Börn með annað móðurmál en íslensku

Við móttöku og aðlögun barna af erlendum uppruna er stuðst við sömu verkferla og í aðlögun nýrra barna nema túlkur er notaður í foreldrasamtölum. Sérkennslustjóri hefur umsjón með vinnu með börnum með annað móðurmál en íslensku. Mikil áhersla er lögð á málrækt í öllu leikskólastarfinu en ef þurfa þykir þá er sérstaklega unnið með þessi börn. Myndmál er notað til að auka orðaforða og skilning hjá börnunum og einnig er myndrænt dagskipulag. Ekki er unnið sérstaklega með heima-menningu barnanna. Túlkur er kallaður til ef nauðsyn krefur þegar barn af erlendum uppruna byrjar í leikskólanum og í foreldrasamtölum.⁷⁹

72 Heimasíða Hafnarfjarðar.

73 Rýnihópur deildarstjóra. Rýnivíðtal við sérkennslustjóra og leikskólastjóra.

74 Rýnivíðtal við sérkennslustjóra og kennara.

75 Rýnivíðtal við sérkennslustjóra.

76 Rýnivíðtal við sérkennslustjóra og Starfsáætlun Hlíðarenda 2020-2021.

77 Rýnivíðtal við sérkennslustjóra.

78 Rýnihópur starfsfólks, kennara, deildarstjóra og rýnivíðtal við sérkennslustjóra og leikskólastjóra.

79 Rýnihópur deildarstjóra og rýnivíðtal við sérkennslustjóra og leikskólastjóra.

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri starfar við leikskólann.
- Aðgengi að sérfræðingum á vegum Hafnarfjarðar er gott og Brúarteymisfundir eru haldnir reglulega.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem njóta sérkennslu.
- Lögð er áhersla á að stuðningur fari sem mest fram í daglegu starfi.
- Góð aðstaða er til sérkennslu í leikskólanum.
- Boðið er upp á tólkaþjónustu í viðtölum við foreldra þegar það á við.

Tækifæri til umbóta

- Verkferlar ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni ættu að vera skriflegir og öllum aðgengilegir svo sem á heimasíðu leikskólans.
- Halda ætti teymisfundi fyrir sérkennslubörn reglulega og eftir ákveðnu verklagi þar sem skýrt er hver boðar til þeirra, skráir og heldur utan um þá að öðru leiti.
- Æskilegt er að til séu verkferlar varðandi börn með annað móðurmál en íslensku.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Fjallað er um innra mat í skólanámskrá Hlíðarenda og er þar talað um Ecers kvarða. Í rýnihópum kom fram að ekki er lengur stuðst við Ecers kvarðann.⁸⁰ Í skólanámskrá kemur ekki fram hvernig stefna og markmið leikskólans eru metin og ekki hafa verið skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að í skólastarfi. Mat á innra starfi leikskólans fer fram með formlegu og óformlegu mati á deildafundum, starfsmannafundum, skipulagsdögum, í samstarfshópum/umbótahópum og á fagfundum starfsfólks, svokallað umræðumat.⁸¹ Matsteymi er ekki starfandi innan leikskólans en fram kom að leikskólastjóri hefur forgöngu um og ber ábyrð á matinu. Mat á ákveðnum starfsháttum fer fram reglulega yfir skólaárið. Matsáætlun til fjögura ára er til og matsáætlun fyrir skólaárið 2020-2021 er hluti af starfsáætlun skólans. Þar kemur fram hvað á að meta, aðferð, ábyrgðaraðili og þátttakendur.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Gagnaöflun fer aðalega fram með samræðumati á deildarfundum, starfsmannafundum og skipulagsdögum. Til eru umbótahópar sem funda tvisvar á önn. Þar er fjallað um ákveðinn þátt í uppeldisstarfi leikskólans svo sem hreyfingu og tónlist, lífsleikni, læsi, stærðfræði og upplýsingartækni og umhverfismennt. Einn starfsmaður frá hverri deild er í hverjum hópi og er deildarstjóri hópstjóri. Fjallað er um hvernig hafi gengið í hópastarfi með þessa þætti og ákveðin næstu skref. Val barnanna er skráð en það er ekki notað formlega í innra mat. Á starfsmannafundum og skipulagsdögum eru niðurstöður umbótahópanna kynntar. Til eru fundargerðir frá umbótahópunum. Fram kom að stór hluti matsins er óformlegur og notast er við heimatilbúna spurningalista og gögn.⁸² Mat á framförum barna er hluti af leikskólastarfinu. Foreldra- og starfsmannakannanir eru gerðar annað hvert ár hjá Hafnarfjarðarbæ. Niðurstöður þeirra eru kynntar á starfsmannafundum.⁸³ Fram kom að foreldrar koma aðeins að innra mati með þátttöku í foreldrakönnum Hafnarfjarðar. Börnin koma ekki að innra mati.⁸⁴ Í öllum rýnihópum átti starfsfólk erfitt með að skilgreina hvað væri innra mat og hvort umbætur hafi átt sér stað eftir innra mat.

Opinber birting og umbætur

Niðurstöður innra mats eru birtar í starfsáætlun komandi árs og er starfsáætlun aðgengileg á heimasíðu. Þar koma ekki fram upplýsingar um framkvæmd matsins, gerð er grein fyrir niðurstöðum að litlu leyti og greining á styrkleikum og tækifærum til úrbóta liggur ekki fyrir. Niðurstöður eru ekki kynntar helstu hagsmunaaðilum eins og foreldrum og börnum.⁸⁵ Gera þarf umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta, þar sem fram koma aðgerðir, viðmið með markmiðum, tímasetninu og ábyrgðaraðilum og birta á heimasíðu.

80 Rýnihópar starfsmanna, kennara, deildarstjóra og rýniviðtöl við aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra.

81 Skólanámskrá Hlíðarenda.

82 Rýniviðtal leikskólastjóra.

83 Rýniviðtal leikskólastjóra.

84 Rýniviðtal leikskólastjóra.

85 Rýniviðtal leikskólastjóra.

Styrkleikar

- Viðhorfskannanir meðal starfsfólks og foreldra eru gerðar reglulega og kynntar starfsfólki.
- Framkvæmd matsins er samstarfsverkefni starfsfólks.
- Umbótahópar framkvæma samræðumat og skrá fundargerðir.
- Við mat á börnum eru notaðir viðurkenndir matslistar.

Tækifæri til umbóta

- Brýnt er að meta stefnu leikskólans og markmið, markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur. Huga má að meiri fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra og tryggja að raddir barna heyrast í mati á leikskólastarfinu.
- Allir hagsmunahópar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats t.d. með stofnun matsteymis sem í sitja stjórnendur, starfsfólk og foreldrar.
- Gera ætti nákvæma matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvaða markmið eigi að meta og viðmið um árangur skilgreint. Tímasetja matið og skilgreina ábyrgðaraðila og hvernig ganga á að afla.
- Birta skal greinargerð um innra mat á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd, niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til úrbóta.
- Gera skal nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem m.a. kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmatið eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.
- Nýta ætti viðhorfskannanir sem gerðar eru reglulega í innra mat.

Samantekt matsþátta

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

Grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

Rautt – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi Leikskólanum Uglukletti í Borgarbyggð. Leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Húsnæði leikskólans uppfyllir skilyrði varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008, það er rúmgott, snyrtilegt og umgengni góð.
- Búið er að byggja við leikskólann og bæta starfsumhverfi starfsmanna og barna.
- Hljóðvist er góð.
- Starfsfólk og foreldrar þekkja stefnu og markmið leikskólans.
- Matur er unninn frá grunni í eldhúsi leikskólans.
- Mikil ánægja er með stjórnun í leikskólanum, leikskólastjórnendur leggja rækt við samskipti við börn, starfsmenn og foreldra.
- Upplýsingaflæði innan leikskólans er gott.
- Leikskólastjórnendur eru sýnilegir í starfi og gott aðgengi að þeim.
- Starfsandi og skólabragur er góður, traust og gagnkvæm virðing er á milli starfsfólks og því líður vel í vinnunni.
- Samstarf og samábyrgð starfsfólks eru sýnileg.
- Metnaður ríkir í leikskólanum og starfsfólk er stolt af starfi sínu.
- Húsnæðið er rúmgott og býður upp á að skipta barnahópnum í minni hópa.
- Ritmál er sýnilegt í umhverfinu.
- Tækifæri til vettvangsferða og útivistar utan leikskólalóðar eru góð og vettvangsferðir eru vikulega á dagskipulagi allra deilda.
- Deildarstjórar skipuleggja og leiða faglegt starf á deildum en allir starfsmenn bera ábyrgð á ákveðnum barnahópi.
- Allt starfsfólk kemur að skipulagi starfsins og hlustað er á raddir allra.
- Unnið er með grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár.
- Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Áhersla er á hollan mat og hreyfingu.
- Börnin eru glöð og þeim líður vel í leikskólanum.
- Skipulega er unnið að mati á námi og framförum barna.
- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi í leikskólanum.
- Viðhorf foreldra til leikskólans er jákvætt og telja þeir að börnunum líði vel í leikskólanum.

- Vel er tekið á móti nýjum foreldrum og börnum við upphaf leikskólagöngu og foreldrar eru upplýstir um stefnu leikskólans.
- Til er upplýsingabæklingur fyrir foreldrar sem þeir fá þegar barn byrjar í leikskóla og er hann einnig á heimasíðu.
- Fram kemur í foreldrakönnun að vel sé staðið að upplýsingagjöf um starfið og börnin.
- Formlegt samstarf er við grunnskólann og er áætlun um það birt í starfsáætlun.
- Sérkennslustjóri starfar við leikskólann.
- Aðgengi að sérfræðingum á vegum Hafnarfjarðar er gott og Brúarteymisfundir eru haldnir reglulega.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem njóta sérkennslu.
- Lögð er áhersla á að stuðningur fari sem mest fram í daglegu starfi.
- Góð aðstaða er til sérkennslu í leikskólanum.
- Boðið er upp á tálkaþjónustu í viðtölum við foreldra þegar það á við.
- Viðhorfskannanir meðal starfsfólks og foreldra eru gerðar reglulega og kynntar starfsfólki.
- Framkvæmd matsins er samstarfsverkefni starfsfólks.
- Umbótahópar framkvæma samræðumat og skrá fundargerðir.
- Við mat á börnum eru notaðir viðurkenndir matslistar.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðum starfsmönnum svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljist til stöðugilda kennara.
- Brýnt er að bæta viðhald á útileiksvæði leikskólans.
- Samfara endurskoðun á skólanámskrá leikskólans þarf að taka upp umræðu um einkunnarorð/gildi og gera þau sýnileg í leikskólanum.
- Endurskoða þarf skólanámskrá í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla frá 2011, með aðkomu starfsfólks, barna og foreldra.
- Samfara endurskoðun á skólanámskrá ætti að fara fram umræða um hugmyndfræði leikskólans, hvernig vinna á að barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og tengsl við væntanlega menntastefnu Hafnarfjarðar.
- Í endurskoðaðri skólanámskrá ætti að gera grein fyrir núverandi starfsháttum leikskólans. Skipulagi, sérfræðiþjónustu, hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst á milli leikskóla eða í grunnskóla og hvernig starfsfólk, börn og foreldrar eru þátttakendur í innra mati.
- Vinna ætti starfsáætlun í samvinnu við kennara, annað starfsfólk, foreldra og börn.
- Verkaskipting leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra þyrfti að vera skrifleg og kynnt fyrir starfsfólki.
- Æskilegt er að vinna starfsmannahandbók sem inniheldur m.a nauðsynlegar upplýsingar fyrir starfsfólk s.s. dagskipulag, verklagsreglur, starfslýsingar og verkaskiptingu og hafa aðgengilega öllu starfsfólki.
- Skrá og samræma þarf verklag við móttöku nýs starfsfólks.

- Brýnt er að fundir í stjórnendateymi séu haldnir reglulega og eigi sinn tíma í dagskipulaginu.
- Finna þarf leiðir til að samningsbundnir undirbúningstímar deildarstjóra falli ekki niður.
- Æskilegt er að fram fari umræða um skapandi starf, efnivið og búnað í listastofu.
- Vinna ætti að því að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag og viðfangsefni.
- Æskilegt væri að endurskoða og skrá gildandi reglur í leikskólanum með aðkomu barnanna.
- Vísindastarf mætti vera sýnilegra.
- Áfram ætti að leita leiða til að hvetja foreldra til þátttöku í foreldraráði svo unnt sé að velja fulltrúa með lýðræðislegum hætti.
- Foreldraráð þarf að setja sér starfsáætlun og vinnureglur og birta fundargerðir á heimasíðu leikskólans.
- Æskilegt er að formlegt ferli sé um það hvaða upplýsingar fylgi börnum á milli skólastiga.
- Æskilegt er að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum.
- Verkferlar ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni ættu að vera skriflegir og öllum aðgengilegir.
- Halda ætti teymisfundi fyrir sérkennslubörn reglulega og eftir ákveðnu verklagi þar sem skýrt er hver boðar til þeirra, skráir og heldur utan um þá að öðru leiti.
- Æskilegt er að til séu verkferlar varðandi börn með annað móðurmál en íslensku.
- Brýnt er að meta stefnu leikskólans og markmið, markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur. Huga má að meiri fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra og tryggja að raddir barna heyrist í mati á leikskólastarfinu.
- Allir hagsmunahópar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats t.d. með stofnun matsteymis sem í sitja stjórnendur, starfsfólk og foreldrar.
- Gera ætti nákvæma matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvaða markmið eigi að meta og viðmið um árangur skilgreint. Tímasetja matið og skilgreina ábyrgðaraðila og hvernig ganga á að afla.
- Birta skal greinargerð um innra mat á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd, niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til úrbóta.
- Gera skal nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem m.a. kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmatið eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.
- Nýta ætti viðhorfskannanir sem gerðar eru reglulega í innra mat.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í Leikskólanum Hlíðarenda leiðir í ljós að þar fer fram gott og metnaðarfullt leikskólastarf í góðu húsnæði þar sem nýbúið er að bæta starfsaðstöðu barna og starfsfólks. Áherslur leikskólans eru sýnilegar í starfinu, starfsfólk er meðvitað um og starfar eftir þeim. Foreldrar þekkja áherslurnar og eru ánægðir með leikskólann og telja að markvisst sé unnið eftir stefnu hans. Þá eru foreldrar ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks. Starfsandi og skólabragur er góður, traust og gagnkvæm virðing er á milli starfsfólks og því líður vel í vinnunni. Starfsfólk og foreldrar eru ánægð með stjórnun í leikskólanum og á vettvangi mátti greina virðingu fyrir og hlýju í garð barnanna. Endurskoða þarf skólanámskrá með aðkomu starfsfólks, barna og foreldra. Samfara endurskoðun ætti að fara fram umræða um hugmyndafræði leikskólans, ein-kunnarorð, gildi og tengsl við væntanlega menntastefnu Hafnarfjarðar. Foreldraráð og foreldrafélag starfa við leikskólann. Foreldraráð þarf að setja sér starfsáætlun og vinnureglur og birta fundargerðir á heimasíðu leikskólans. Unnið er með grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár. Umbótahópar fulltrúa frá hverri deild fjalla um ákveðna þætti í uppeldisstarfinu og ákveða næstu skref. Umbótahóparnir funda tvisvar á önn. Tækifæri felast í því að gera innra mat í leikskólanum markvissara með aðkomu allra hagsmunahópa leikskólans.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef í mars 2021 Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Foreldrakönnun MMS vegna ytra mats í leikskólanum í febrúar 2021.

Gögn frá leikskólastjóra.

Heimasíða Hafnarfjarðar. Slóðin er: <https://www.hafnarfjordur.is/>

Heimasíða Hlíðarenda: <http://hlidarendi.leikskolinn.is/>

Leikskóladagatal 2020-2021. Slóðin er: http://hlidarendi.leikskolinn.is/hl%C3%AD%C3%B0arendi/vefskj%C3%B6l/sk%C3%B3ladagatal_hl%C3%AD%C3%B0arenda_2020_2021.pdf

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.

Skólanámsskrá Hlíðarenda. Slóðin er: http://hlidarendi.leikskolinn.is/hl%C3%AD%C3%B0arendi/vefskj%C3%B6l/sk%C3%B3lan%C3%A1mskr%C3%A1_2017.pdf

Skólafélag Hafnarfjarðar

Starfsáætlun Hlíðarenda 2020-2021. Slóðin er: http://hlidarendi.leikskolinn.is/hl%C3%AD%C3%B0arendi/stj%C3%B3rnun/%C3%A1rn%C3%BD_skj%C3%B6l_%C3%A1_vef/starfs%C3%A1%C3%A6tlun_hl%C3%AD%C3%B0arenda_2020-2021.pdf

Upplýsingar frá sviðsstjóra Mennta og lýðheilsusviðs – tölvupóstur og viðtal.

Upplýsingar frá formanni foreldraráðs og fulltrúa í foreldrafélagi - tölvupóstur.

Viðtöl:

Tölvupóstur við formann foreldraráðs og fulltrúa í foreldrafélaginu.

Viðtal við stjórnendur: leikskólastjóra aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp kennara.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

